



## Ályktun aðalfundar Blindrafélagsins um lögfestingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Aðalfundur Blindrafélagsins, haldinn 12. maí 2018, skorar á íslensk stjórnvöld að lögfesta Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hið fyrsta.

Þó að undirskrift og fullgilding samningsins hafi vissulega verið nauðsynleg og mikilvæg skref í þá átt að stuðla að fullum mannréttindum fatlaðs fólks, þá er mikilvægt að lögfesta samninginn og valfrjálsu bókunina við hann.

Lögfestingin tryggir best réttarstöðu fatlaðs fólks, þar sem sami túlkunarvandi verður ekki fyrir hendi og nú er uppi þegar einungis er búið að fullgilda samninginn. Lögfestingin tryggir að hægt verði að byggja rétt fólks á Samningnum fyrir dómstólum með beinum hætti.

Í samningnum felst að „Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar.“

### Grundvallaratriði og meginreglur samningsins kveða á um:

- A. virðingu fyrir mannlegri reisn, sjálfræði og sjálfstæði allra einstaklinga.
- B. bann við mismunun.
- C. fulla samfélagsþátttöku allra í einu samfélagi fyrir alla.
- D. virðingu fyrir fjölbreytileika fólks og mannlegum margbreytileika.
- E. jöfn tækifæri.
- F. aðgengi.
- G. jafnrétti á milli karla og kvenna.
- H. virðingu fyrir getu fatlaðra barna og virðingu fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína.